

Föstudaginn 19. apríl 1996.

Nr. 143/1996.

Gjaldheimtan í Reykjavík

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Guðjón Á. Jónsson hdl.)

Kærumál. Nauðungarsala. Kærufrestur. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. apríl 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 15. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 1996, þar sem felld var úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 29. janúar sama ár um að láta nauðungarsölu ná fram að ganga á íbúð að Furugerði 21 í Reykjavík samkvæmt kröfu sóknaraðila. Kæruheimild er í 79. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu. Sóknaraðili krefst staðfestingar fyrrgreindrar ákvörðunar sýslumanns og málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp á dómþingi miðvikudaginn 27. mars 1996. Voru þar viðstaddir af hálfu sóknaraðila tveir héraðsdómslögmennt. Samkvæmt áritun héraðsdómara á kæru sóknaraðila barst hún honum fimmtudaginn 11. apríl 1996. Var þá liðinn kærufrestur samkvæmt 2. mgr. 79. gr. laga nr. 90/1991, sbr. 1. mgr. 144. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verður máli þessu því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði varnaraðila,
Íslandsbanka hf., 50.000 krónur í kærumálskostnað.
